

Póst- og fjarskiptastofnun
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

B.t. Friðriks Péturssonar

23. apríl 2014

Efni: Athugasemdir Vodafone við umræðuskjal um framtíðarfyrirkomulag alþjónustu varðandi þá skyldu innan alþjónustu, að útvega tengingu við almenna fjarskiptanetið.

Við er til erindis Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) 21. febrúar sl. þar sem óskað var eftir viðbrögðum allra hluteigandi aðila á umræðuskjali um framtíðarfyrirkomulag alþjónustu varðandi þá skyldu innan alþjónustu, að útvega tengingu við almenna fjarskiptanetið.

Tilgangur umræðuskjalsins er m.a. að kalla eftir upplýsingum frá hluteigandi aðilum í tengslum við hvemig eðlilegast sé að standa að endumýjun aðgangsnetsins, einkum á þeim svæðum þar sem talið er að fyrirtæki fari ekki í endumýjun á viðskiptalegum forsendum, þ.e. þar sem talið er að markaðsbrestur sé til staðar.

PFS leggur fram sjö spurningar í umræðuskjalinu og fjórar í viðauka með umræðuskjali til að nálgast framangreindan tilgang. Hefur Fjarskipti hf. (Vodafone) svarað þeim spurningum og komið með frekari athugasemdir sem PFS á að geta notast við í mótun nýrrar tillögu um útfærslu þeirrar alþjónustuskyldu að útvega tengingar við almenna fjarskiptanetið.

Spurning 1:

Vodafone er sammála því að horfa til þeirra sjónarmiða sem PFS tiltekur að horfa eigi til við útnefningu alþjónustuveitanda með skyldu til að veita aðgang að almenna fjarskiptanetinu. Þrátt fyrir að Vodafone sé sammála þeim bendir félagið einnig að að mikilvægt er að horfa til þess að þau svæði þar sem markaðsbrestur á við eru oftast en ekki illa tengd stofnnet og því þarf að skoða í samhengi við endumýjun á aðgangsneti, uppbyggingu eða högun á stofnneti að tengimiðju.

Vodafone telur að einnig ætti að skoða reglur sem auðvelda eða flýta fyrir endumýjun aðgangsneta og/eða stofnneta svo sem skyldur á veitufyrirtæki um aðgang að núverandi rörum eða ljósleiðurum, skyldur á veitufyrirtæki um að upplýsa á miðlægan stað fyrirhugaðar graftarframkvæmdir, koma á miðlægri þjónustuskráningar fyrirliggjandi lagna eða forða. Tilhögun sem þessi myndi að mati Vodafone flýta fyrir allri uppbyggingu öllum aðilum til hagsbóta.

Spurning 2:

Vodafone tekur undir skoðun PFS að skaða verði umhverfi sem brýtur upp þá kyrrstöðu sem í dag er uppi um aðgengi dreifbýlis að fjarskiptaþjónustu sambærilegri og í þéttbýli. Til að skapa því markmiði stærra vænghaf til að hefja sig á loft er mikilvægt að PFS horfi til þess að opna fyrir þann möguleika að aðrir lögaðilar en fjarskiptafyrirtæki geti tekið að sér ákveðna uppbyggingu.

Endumýjun aðgangsnets þarf ekki að einskorðast við fjarskiptafélög. Fæst þeirra hafa það markmið að eiga grunnet. Lögaðili með eða án beinnar þátttöku sveitarfélags getur frekar hugsað sér lagningu

grunnets án þess að hafa virkar þjónustur í sínum rekstri. Viðkomandi lögaðili getur aftur á móti boðið fjarskiptafélögum aðgang að grunnnetinu. Vodafone telur að þetta fyrirkomulag þurfi að vera til staðar og því þarf PFS að auka svigrúm til að úthýsa ákveðnum kröfum sem nefndar eru hér að framan.

Hvað varðar mat/aðferðarfræði PFS telur Vodafone ekki þörf á því að útnefna alþjónustuveitanda eingöngu á þeim svæðum þar sem ekki ríkir samkeppni í heimtauganetinu ef skilyrðin eru þau sömu.

Spurning 3:

Vodafone telur að framlenging kvaða til 2018 sé jákvæð og gerir ekki athugasemdir við það.

Spurning 4:

Alþjónusta er skilgreind í 6. tl. 3. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 (fsl) eins og hér segir: „Afmörkaðir þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra.“ Vodafone bendir á að kostnaður við ljósleiðaratengingu fyrir hvern notanda er hærri en við ADSL tengingu.

Ljósnet fjarskiptafélaga eins og þau eru í boði í dag yfir kopar gefa meiri hraða en hefur verið hingað til viðskiptavinum til mikillar ánægju án aukins kostnaðar. Útskipting kopars fyrir ljósleiðara getur valdið auknum kostnaði fyrir neytendur og ekki í samræmi við megin-skilyrði alþjónustukvaðar eins og það er skilgreint í fjarskiptalögum.

Hvað varðar afmörkun kvaða eftir flokkum verður að mati Vodafone að horfa til þess hvort að slík afmörkun stuðli að samkeppni neytendum til hagsbóta. Vodafone skilur þau sjónarmið sem að baki liggja en telur mikilvægast að öllu að neytendur upplifi sambærilega þjónustu á sem hagstæðustu verðum fyrir neytendur.

Ákveði PFS að heimila uppbyggingu á ljósleiðara í stað kopars þegar um nýttengingar eða útskiptingar eiga sér stað verður PFS að tryggja að tæknilegur ómöguleiki sé ekki til staðar sem heftir aðgang að neytendum,¹ t.d. eins og Vodafone stóð frammi fyrir varðandi Leirvogstungur í Mosfellsbæ. Slíkt kemur í veg fyrir samkeppni og er neytendum til óhagræðis.

Kostnaðargreint verð á koparheimtaugum er m.a. byggt á kostnaði Mílu við að viðhalda öllum koparheimtaugum félagsins. Breyti PFS núverandi fyrirkomulagi og leggi ekki kvaðir á Mílu að leggja koparheimtaugar eða viðhalda þeim telur Vodafone að rökrétt framhald PFS í þeim málum sé að taka aftur til skoðunar verðlagningu Mílu fyrir koparheimtaugar. Það er mat Vodafone að kostnaður vegna þeirra eigi að lækka töluvert þar sem gamlar og viðhaldsmiklar heimtaugar eru líklegastar til að vera fyrst aflagðar.

Spurning 5:

Vodafone gerir enga athugasemd við það að Míla ehf. verði áfram útnefnt sem alþjónustuveitandi er varðar tengingu við almenna fjarskiptanetið.

Vodafone telur mikilvægt að PFS skoði með mjög ígrunduðum hætti hvort að raunhæft sé að binda alþjónustukvöð við þráðlausan aðgang en ekki í gegnum fastanetsstengingu. Vodafone telur að ef slíkt eigi að vera mögulegt þarf að tryggja að sömu kröfur séu uppfylltar, t.d. gagnaflutningur og svartími. Vodafone telur einnig að mjög hæpið sé að ætla þráðlaus samskipti sem staðgönguvörur og beita sömu aðferðum til útreiknings og uppbyggingaráætlunar á ákveðnum svæðum. Tæknilega yrði það ekki útfært með gagnsæjum hætti þannig að notendur sem greiða aðgangsgjald fyrir staðgönguvöruna hefði einir aðgang að henni.

Spurning 6:

Hvað varðar þær aðferðir sem PFS leggur fram í tillögu sinni telur Vodafone það heppilegast að notast við leið 1 við minniháttar eða einstakar endurnýjanir á heimtaugum en við heildstæða svæðisendurnýjun eigi að notast við leið 3.

Vodafone telur að PFS eigi að skoða þann möguleika að vera með nýja leið á skilgreindum svæðum þar sem markaðsbrestur er fyrir hendi á stofnleiðum. Þar mætti opna á leið til sértækra styrkveitinga óháð framlagi vegna endurnýjunar aðgangsneta. Slíkt framlag gæti einnig nýst betur þar sem þráðlaus samskipti yrðu fyrir valinu, sé það niðurstaða PFS að slík þjónusta geti verið staðgönguvara.

Spurning 7:

Vodafone hefur að svo stöddu engar athugasemdir við það fyrirkomulag sem PFS tilgreinir en leggur mikið upp úr því að byggt sé á þeirri sögu sem myndast hefur vegna framlaga úr jöfnunarsjóði.

Viðauki umræðuskjals felur í sér nánari umfjöllun um skiptingu kostnaðar við framtíðarfyrirkomulag alþjónustu hvað varðar tengingu við almenna fjarskiptanetið. Hér að neðan má sjá svör Vodafone vegna þeirra spurninga.

Spurning 1:

Vodafone telur rétt að þegar endurnýjuðu aðgangsneti hafi verið komið á fót sé rétt að hafa hámarkskostnað á alþjónustuveitanda.

Hvað varðar þak á hámarkskostnað við lagningu nýs aðgangsnets er erfitt að hefta aðila við ákveðinn hámarkskostnað. Sé kostnaður við lagningu hár ætti heimtaugargjald viðkomandi aðila að hækka til samræmis. Það er þá notandans að ákveða hvort hann taki því boði sem býðst eða bíði eftir öðru betra. Viðmiðin er hins vegar ágætt að setja niður til samræmingar.

Hvað varðar skiptingu svæða telur Vodafone að réttast sé að PFS taki þá ákvörðun með hagsmuni fjarskiptamarkaðarins að leiðarljósi.

Spurning 2:

Sem hámarkasviðmið er þetta eðlilegt að mati Vodafone. Frelsi alþjónustuaðila og notanda til að eiga við hlutfall kostnaðarskiptingar kr. 800.000,- meðframlags á hvert heimili þarf þó að vera fyrir hendi í einhverjum aðstæðum.

Hvað varðar mögulegar hækkunar á jöfnunarsjóðsgjaldi getir Vodafone athugasemd við allar slíkar hækkunar og telur þær ekki réttlætanlegar hvort sem um er að ræða tímabundnar eða til framtíðar. Nú þegar eru miklar birgðar á fjarskiptafélögum á fjarskiptamarkaði í gegnum framlag í jöfnunarsjóð alþjónustu.

Spurning 3:

Vodafone mótmælir ekki þessari aðferð en bendir á að hægt sé að koma til móts við þessa notendur svo sem með því að styrkja stofnleiðir og/eða aðstöðusköpun sem kæmi sér vel.

Spurning 4:

Hvað varðar framlag í jöfnunarsjóð vísar Vodafone til fyrri svara. Vodafone telur að slíkar álögur á fjarskiptafélög að greiða 0,5% af bókfærðri veltur sinni sé ekki réttlætanleg.

Hvað varðar tillögu um að undanskilja dýrustu tengingamar innan hvers svæðis gerir Vodafone ekki athugasemdir við það. Vodafone bendir á að hægt sé að koma til móts við notendur með því að styrkja stofnleiðir og/eða aðstöðusköpun.

Telji PFS þörf á frekari útskýringum mun Vodafone verða við þeim eins fljótt og kostur er.

Virðingarfyllt,

Guðjón Bjarni Hálfðánarson
lögfræðingur